

Áskorun frá íbúum Skógarstrandar og eigendum jarða á Skógarströnd til sveitastjórnar Dalabyggðar vegna sameiningaviðræðna sveitarfélagsins við Húnaþing vestra.

Fyrrum Skógarstrandahreppur (hér eftir Skógarströnd) sameinaðist Dalabyggð þann 1. janúar 1998. Aðdragandi sameiningarinnar var að hreppurinn náði ekki lengur 50 manna íbúafjölda og stjórnvöld höfðu lagt hart að minni sveitarfélögum að sameinast þar sem þjónusta hafði verið flutt frá ríki til sveitarfélaga sem gat gert minni sveitarfélögum erfitt fyrir að standa undir þeirri þjónustu.

Það lá beint við fyrir Skógarströnd að sameinast nærliggjandi sveitarfélögum en þau voru Dalabyggð, Kolbeinsstaðahreppur og Helgafellssveit. Eingöngu var metin sameining við fyrstu tvö sveitarfélögin þar sem Helgafellssveit var einnig lítið sveitarfélag og því takmarkaður ávinningur að þeirri sameiningu. Tekist var á um hvor sameiningin væri æskileg og var þar aðallega lítið til þátta eins og hversu nálæg og aðgengileg stjórnsýsla væri fyrir íbúa. Margir sáu fyrir sér að Koleinsstaðahreppur myndi á einhverjum tímapunkti sameinast Borgarbyggð sem sýndi sig að vera rétt. Ef til frekari sameiningar kæmi síðar fyrir Dalabyggð yrði eðlilegt að horft yrði í vesturátt á Snæfellsnes enda höfðu Skógstrendingar sótt mikið af sinni þjónustu til Stykkishólms. Með þetta sjónarmið í huga var ráðist í undirskriftasöfnun meðal íbúa sem hvattir voru til að styðja sameiningu við Dalabyggð. Meirihluti íbúa studdi þá sameiningu og var listum skilað í ráðuneytið sem síðan gekk frá formlegri sameiningu.

Skógarströndin stóð fjárhagslega sterk á þessum tíma og má því segja að hún hafi komið inn í Dalabyggð með ágætis heimamund. Svæðið sem um ræðir nær frá Álftafirði í vestri að Gljúfurá í austri. Alls eru 22 jarðir innan svæðisins og nokkrir sjálfstæðir eyjaklasar.

Í skoðanakönnun sem framkvæmd var árið 2021 meðal íbúa Dalabyggðar um mögulega sameiningarkosti var fyrsti kostur íbúa Dalir, Stykkishólmur og Helgafellssveit. Þess má geta að Stykkishólmur og Helgafellssveit hafa síðan sameinast í Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Frá árinu 1998 hefur orðið mikil breyting á búsetu á Skógarströnd. Þar er í dag blandaður rekstur; sauðfjárrækt, kúabú, skógrækt, hótélrekstur og æðardúnsrækt. Mikil uppbygging hefur átt sér stað, húsakostur endurnýjaður, milljónir plantna verið gróðursettur, laxveiðiár ræktaðar með seiðasleppingum m.m. Enn eru öflug sauðfjár- og kúabú á svæðinu.

Hægt er að tala um blandaða búsetu margra íbúa sem hafa lögheimili á höfuðborgarsvæðinu en dvelja langdvölum á jörðum sínum á Skógarströndinni. Af

Þessum eignum nýtur Dalabyggð góðs af enda eru há fasteignagjöld greidd til sveitarfélagsins en þjónusta við þessa íbúa afar takmörkuð og er helst í formi sorphirðu. Þess vegna er eðlilegt að hlusta einnig á raddir þessara aðila.

Bæði íbúar sem hafa lögheimili á Skógarströndinni og eigendur jarða og eyja sem hafa hlutabúsetu þar eru sammála um að skora á Dalabyggð að hlusta á óskir íbúa um að ef til sameiningar kemur að horfa í vesturátt og taka upp viðræður við Stykkishólm. Enda eiga Skógstrendingar sem ekki eru með fasta búsetu margir hverjir rætur að rekja til Stykkishólms.

Við teljum að ávinningurinn við sameiningu við Stykkishólm sé m.a.:

- Möguleiki á mun fjölbreytilegra atvinnulífi, útgerð, landbúnaður, ferðapjónusta og skógrækt. Um 800.000 ferðamenn fara um Snæfellsnesið á ári, en ekki nema hluti af þeim skila sér inn í Dalabyggð vegna ástands vega.
- Meiri líkur á varanlegri uppbyggingu vegar 54 um Skógarstönd, sem í dag er sennilega einn fjölfarnasti malarvegur á landinu og oft á tíðum nær ófær. Slík uppbygging mundi einnig gagnast Stykkishólmi vel fyrir bæði íbúa og atvinnustarfsemi
- Bættar samgöngur og stytting leiða myndi auka og opna á fjölbreyttni í skóla og tómstundastarfi, en í Stykkishólmi er bæði góður tónlistarskóli, og mikið íþróttastarf og nóg af krökkum til að ná í raunveruleg lið og myndi jöfn tækifæri fyrir börnin hér um slóðir. Ekkert af þessu er að fara nást með sameiningu við önnur sveitarfélög
- Ef horft er til lengri tíma er ekki ósennilegt að í framtíðinni verði Snæfellsnesið og jafnvel svæðið í kringum Breiðafjörð eitt sveitarfélag, sem var einmitt forsenda Skógstrendinga fyrir sameiningunni við Dalabyggð 1998. Sameining við Húnaþing vestra útilokar slíka sameiningu.

Að lokum, ef af sameiningu verður milli Dalabyggðar og Húnaþings vestra þá óska Skógstrendingar þess, að hlustað verði á óskir íbúa og að samningaraðilar skuldbindi sig til að hefja viðræður við Sveitafélagið Stykkishólmur um breytingar/flutning á landamerkjum sveitafélaganna, sem gerir Skógstrendingum mögulegt að sameinast Stykkishólmi. Landamerkin miðist við upprunaleg landamerki hreppsins við Gljúfurá.

Íbúar og eigendur jarða á Skógarströnd hafa stofnað til undirskriftalista á www.island.is

Dalabyggð 7. október, 2025